

Skýrsla fulltrúa ASÍ frá
87. þingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í Genf
1.-17. júní 1999.

Alþjóða vinnumálaþingið 1999

Hið árlega þing Alþjóða Vinnumálastofnunarinnar var haldið í Genf í Sviss dagana 1. til 17. júní 1999.

Alþjóða Vinnumálastofnunin var sett á laggirnar árið 1919 og þingið í ár var 87. þing stofnunarinnar. Á þessu tímabili hafa á þingum stofnunarinnar verið samþykktar 182 alþjóðasamþykktar og álíka margar leiðbeiningar eða tilmæli til að tryggja réttindi launafólks.

Vinnumálaþingið

Skipulag ILO byggir á þríliða samstarfi með þátttöku fulltrúa launafólks, atvinnurekenda og ríkisvalds. Frá hverju aðildarríkjanna koma sendinefndir sem skipaðar eru fulltrúum frá þessum þremur aðilum. Þannig á að vera tryggt að bæði launafólk og atvinnurekendur eigi aðild að hverri sendinefnd auk fulltrúa ríkisstjórnar viðkomandi lands.

Fulltrúar ASÍ í íslensku sendinefndinni voru að þessu sinni þeir Hervar Gunnarsson og Ástráður Haraldsson. Auk þeirra áttu sæti í nefndinni lögfræðingar VSÍ þau Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón Magnússon af hálfu atvinnurekenda og af hálfu ríkisstjórnarinnar Elín Blöndal og Gylfi Kristinsson á vegum Félagsmálaráðuneytis og Benedikt Jónsson sendiherra í Genf. Félagsmálaráðherra sótti ekki þingið.

Fulltrúar ASÍ tóku þátt í störfum þingnefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykktar og nefndar um afnám verstu forma barnaþrælkunar.

Á þinginu í ár störfuðu þríliðanefndir um afnám verstu forma barnaþrælkunar (seinni umræða), um mæðravernd (fyrri umræða) og um tæknilega samvinnu innan ILO auk fastanefnda þingsins s.s. nefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykktar.

Megin niðurstöður þingsins eru eftirfarandi:

-Samþykkt var ný alþjóðasamþykkt um afnám verstu forma barnaþrælkunar sem felur í sér að aðildarríkjum stofnunarinnar sem fullgilda samþykktina er skylt að gera ráðstafanir til að tryggja að gripið sé til virkra aðgerða til að afnema barnaþrælkun.

Samþykktin var gerð einróma, en slíkt mun vera einsdæmi við afgreiðslu alþjóðasamþykktar innan ILO.

Á ráðstefnunni var samþykkt til áframhaldandi vinnslu tillaga að nýrri alþjóðasamþykkt um mæðravernd en sú samþykkt verður tekin til afgreiðslu á þinginu 2000.

Þá var á ráðstefnunni gerð samþykkt sem ekki á sér fordæmi þar sem fordæmd er framkvæmd Myanmar eða Búrma á alþjóðasamþykktum um nauðungarvinnu og þrælshald. Stjórnvöld í Búrma hafa enda þverskallast við að gera neitt til að uppræta

áratuga ólögsmæta notkun nauðugs vinnuafis sem margoð hefur verið staðfest að sé útbreidd framkvæmd í landinu. Síðast komst sérstök sendinefnd frá ILO að þeirri niðurstöðu að slíkt nútíma þrælahald væri enn að finna í framkvæmd víða um landið. Ályktunin sem fordæmir harðlega aðgerðarleysi Myanmar skra stjórnvalda til að koma í veg fyrir þessi mannréttindabrot var samþykkt með 333 atkvæðum, 27 voru á móti en 47 sátu hjá. Í ályktuninni er kveðið á um að öllu samstarfi og allri tækniaðstoð við Búrma skal hætt nema þeirri sem beinlínis miðar að því að stöðva nauðungarvinnu í landinu. Ályktunin gildir þar til stjórnvöld í Búrma gera ráðstafanir til þess með lagabreytingum og virkum aðgerðum að stöðva nauðungarvinnu í landinu.

Barnavinnusamþykktin

Ekki er vafi á að mikilvægasta mál þingsins nú var nýja alþjóðasamþykktin um afnám verstu forma barnavinnu.

Samþykktin á við um börn yngri en 18 ára og samkvæmt henni ber tafarlaust að grípa til virkra aðgerða til tryggja bann við og uppræta verstu form barnavinnu.

Með hugtakinu verstu form barnavinnu er átt við;

-hverskyns þrældóm, skuldaþrældóm eða nauðungar- eða skylduvinnu þar á meðal skyldubundna herkvaðningu,

-notkun barna við vændi, framleiðslu klámeðnis eða klámsýningar,

-notkun barna við ólögsmæta starfsemi, sérstaklega starfsemi sem varðar sölu eða meðferð eiturfja

-vinnu sem samkvæmt eðli sínu eða með tilliti til þeirra aðstæðna sem hún er unnin við er líkleg til að skaða heilsu, öryggi eða siðferðilega vitund barna.

Ríki sem fullgilda samþykktina skuldbinda sig til skilgreina nánar með landslögum hvaða störf það eru sem samþykktin tekur til og láta gera og halda við lista yfir slík störf. Þá skulu ríki koma á fót viðeigandi aðstöðu til annast um og fylgja eftir framkvæmd samþykktarinnar. Þessi framkvæmd á að vera gerð í samráði við samtök launafólks og atvinnurekenda. Þá skulu ríkin gera ráðstafanir til að tryggja framkvæmd samþykktarinnar með sérstökum lögbundnum viðurlögum þeim til handa sem brjóta gegn ákvæðum hennar.

Að mati ILO eru um 250 milljónir barna á aldrinum frá 5 ára til 14 ára við störf í þróunarríkjunum. Um helmingur þeirra vinnur fullan vinnudag en hinn helmingurinn vinnur með skóla. Af þessum 250 milljónum eru milli 50-60 milljónir barna á aldrinum frá 5 til 11 ára starfandi við kringumstæður sem hægt er að lýsa sem hættulegum með tilliti til aldurs þeirra og þroska.

Ný alþjóðasamþykkt um mæðravernd?

Þríhliðanefndin sem fjallaði um tillögu að nýrri alþjóðasamþykkt um mæðravernd varð sammála um að tímabært væri að huga að endurskoðun mæðraverndarsamþykktarinnar nr. 103 frá 1952.

Samþykkt var að gera tillögur um það til þingsins 2000 að við endurskoðun samþykktarinnar hugað að atriðum eins og fæðingarorlofi og sérstöku veikindaleyfi vegna veikinda á meðgöngu eða erfiðleika í fæðingu. Samþykkt var að stefnt skyldi að því að setja reglu sem fæli í sér að tiltekin lágmark yrðu sett um fjárhæð greiðslna sem mæðrum beri við slíkar aðstæður.

Þá var samþykkt að taka inn í tillöguna reglu sem fæli í sér að atvinnurekendum væri óheimilt að segja konu upp störfum af ástæðum sem barnburð, meðgöngu, fæðingarorlof eða sérstakt veikindaorlof. Þá var samþykkt að líta bæri svo á að sönnunarbærri í slíkum málum ætti að vera öfug, þ.e. að atvinnurekanda bæri að sanna að einhverjar aðrar forsendur en þær sem líta að barneignum hefðu ráðið ákvörðun um uppsögn. Samþykkt var að taka inn tillögu um að ríkjum væri skyldað setja reglur sem banna að mismunun til atvinnu vegna barneigna þ.á m. almennt bann við því að krefjast þungunarprófa í tengslum við mannaráðningar.

Það mun svo koma í hlut 88. þingsins í júní 2000 að afgreiða fyrirbyggjandi frumvarp að alþjóðasamþykktin en segja má að frá sjónarhóli verkalýðshreyfingar hafi náðst bærulegur árangur við frágang frumvarpsins.

Nýr forstjóri ILO

Nýr forstjóri hefur tekið við hjá ILO, Juan Somavia f.v. sendiherra Chile hjá Sameinuðu þjóðunum. Nýi forstjórinn boðar breytingar og yfirlýst stefna hans er að færa stofnunina til meira nútímahorfs. Liður í þessu er að gera markmið starfs ILO skarpri. Í stað 39 vinnuáætlana sem áður var unnið eftir eru meginmarkmið ILO nú fjögur. Þau líta að grundvallarreglum og réttindum við vinnu, atvinnumálum, félagslegri vernd og skoðanaskiptum við aðila vinnumarkaðarins.

Nýi forstjórinn leggur áherslu á efnahagslegar forsendur, samband efnahags og atvinnu og félagslegrar verndar. Án atvinnu, þar sem árangur fyrirtækjanna skiptir meginmáli, getur aldrei verið til fullnægjandi félagsleg vernd. Hann horfir einnig til mismunandi aðstæðna ríkja, ekki aðeins efnahagslegra heldur einnig menningar- og siðferðilegra, ekki síst þar sem hann er fyrsti forstjóri ILO sem kemur frá þróunarlandi. Reglur samtakanna telur hann verði að vera það sveigjanlegar að sem flest aðildarríkin geti aðlagð þær sínum veruleika. Telja verður líklegt að starf stofnunarinnar muni á næstu árum einkennast nokkuð af þessum nýju áherslum.